

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, Norðfjarðarhöfn.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 19. apríl 2013 breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, sem samþykkt var í sveitarstjórn Fjarðabyggðar þann 21. mars 2013.

Breytingin felst í því að Norðfjarðarhöfn stækkar, athafnasvæði A1 verður hluti hafnarsvæðis H1, iðnaðarsvæði II stækkar og hluti opins svæðis til sérstakra nota verður hafnar- og iðnaðarsvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 19. apríl 2013.

Hafdís Hafliðadóttir.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. maí 2013